



Ársskýrsla Skátafélagsins Vífils starfsárið 2018



Skátafélagið Vífill
Jötunheimum
Bæjarbraut 7
210 Garðabæ

Sími 565 8820, 565 8989

Netfang: vifill@vifill.is

Veffang: www.vifill.is

2019/febrúar

Ábyrgð: Stjórn skátafélagsins Vífils

Efnisyfirlit

Innihald

Inngangur	4
1 Stjórn, starfsmenn og foringjar	5
1.1 Stjórn og starfsmenn	5
1.2. Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar	6
Fararstjórn á skátamót	6
Sumarnámskeið	7
2. Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG	7
2.1 Samningur um skátastarf í Garðabæ	7
2.2. Skátafélag á réttri leið	7
2.3. Samstarf við HSG	8
3. Skátastarf	8
3.2. Fjöldi skáta	8
3.3. Bakland	10
3.4. Húsnæði og búnaður	10
3.5. Dagbók Vífils 2018	11
4. Skýrslur skátasveita	18
4.2. Drekaskátar 7-9 ára - Furðufuglar	18
4.3. Fálkaskátar 10-12 ára	19
4.4. Dróttaskátar 13-15 ára - DS. Fenris	19
4.5. Rekkaskátar 16-18 ára - RS. Islandus	22
4.6. Róverskátar 19-25 ára	22
5. Skýrslur fastanefnda	23
5.2. Húsnefnd	23
5.3. Skálanefnd Vífils	26
6. Sumarstarf Vífils	27

Inngangur

Skátafélagið Vífill í Garðabæ var stofnað 20. apríl 1967.

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Skátastarfið fer fram í eigin húsnæði, Jötunheimum að Bæjarbraut 7 í Garðabæ. Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk.

Árið 2018 var sautjándi starfsár félagsins samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ. Samningurinn kveður á um áherslur í skátastarfi í bænum. Samningurinn rann út í árslok 2018 og bíður endurnýjunar. Ársskýrslan er aðlöguð þessum samningi við Garðabæ þar sem m.a. kveðið er á um að fram komi nákvæmar tölur um fjölda þátttakenda í skátastarfi ásamt helstu viðfangsefnum.

Ef litið er til baka yfir árið ber það hæst að vaskur hópur foringja hefur stýrt starfinu með börnum og ungmennum. Sumarnámskeiðin voru afar vel heppnuð og gengu vel í alla staði. Loksins hillir undir nýja skálabyggingu og hefur því verkefni miðað vel á árinu. Teikningar að skálanum munu liggja fyrir í ársbyrjun 2019. Það eru því mjög spennandi tímar framundan.

1 Stjórn, starfsmenn og foringjar

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Vífils tók til starfa eftir aðalfund félagsins sem haldinn var 28. febrúar 2018. Engin breyting var gerð á skipun stjórnar þá. Um haustið komu tveir nýir inn í hana og í október varð breytinga varðandi félagsforingja. Stjórnin fundaði 11 sinnum á árinu 2018.

Stjórn:

Félagsforingi	Hafdís Bára Kristmundsdóttir fram í október. Thelma Rún van Erven frá október
Aðstoðarfélagsforingi	Gísli Örn Bragason
Gjaldkeri	Guðbjörg Þórðardóttir
Ritari	Thelma Rún van Erven fram í október Hafdís Bára Kristmundsdóttir frá október
Meðstjórnendur	Dögg Gísladóttir Hildur Hafsteinsdóttir fram í ágúst Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir frá ágúst Ólafur Patrick Ólafsson frá ágúst.
Tengiliður sjálfboðaliðastarfs	Unnur Flygenring

Nefndir:

Húsnefnd	Björn Hilmarsson Brynjar Hólm Bjarnason Hervald Rúnar Gíslason Jóhann S. Erlendsson
Fræðslu- og kynningarráð	Kristín Ósk Sævarsdóttir til ágúst Hrafnhildur Sigurðardóttir til ágúst
Skálanefnd	Húsnefnd og Atli Bachmann
Byggingarnefnd nýs skála	Húsnefnd og Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Starfsmenn:

Skrifstofa	Dögg Gísladóttir
Salur og ræstingar	Jóhanna Þorgrímsdóttir
Endurskoðendur:	Björn Hilmarsson Karl Rúnar Þórsson
Umsjónarmaður fasteigna	Brynjar Hólm Bjarnason

1.2. Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar

Vífill býr að sterkum hópi foringja og aðstoðarforingja sem margir hverjir hafa verið virkir skátar frá barnsaldri. Sveitarforingjar eru allir eldri en 18 ára og uppfylla reglugerð um hæfi sveitarforingja. Foringjahópurinn er á breiðu aldursbili en hann skipa skátar á aldrinum 18 til 53 ára. Ánægjulegt er að margir foringjar hafa gegnt stöðum sínum um nokkurra ára skeið og skapar það stöðugleika. Foringjar þiggja ekki laun fyrir starf sitt en félagið færir þeim jólagjöf og sumargjöf fyrir vel unnin störf. Þeir greiða ekki félagsgjöld. Félagið greiðir öll námskeiðsgjöld fyrir foringja enda nýtast námskeiðin þeim í foringjastarfinu. Foringjaráð fundar einu sinni í mánuði undir stjórn aðstoðarfélagsforingja og starfsmanns. Nokkrum sinnum á önn enda foringjaráðsfundir á hópefli þar sem hópurinn gerir eitthvað skemmtilegt saman.

Stöður sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja voru svo skipaðar árið 2018:

Sveitarforingjar vor 2018

Anna Margrét Þorsteinsdóttir
 Arnar Breki Eyjólfsson
 Atli Bachmann
 Christa Hörpudóttir
 Huldar Hlynsson
 Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir
 Halldór Fannar Sveinsson
 Hjálmar Örn Hinz
 Kristín Ósk Sævarsdóttir
 Urður Björg Gísladóttir

Aðstoðarsveitarforingjar vor 2018

Laufey Erla Pétursdóttir
 Jóhanna María Bjarnadóttir
 Úlfur Kvaran

Sveitarforingjar haust 2018

Arnar Breki Eyjólfsson
 Atli Bachmann
 Christa Hörpudóttir
 Halldór Fannar Sveinsson
 Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir
 Huldar Hlynsson
 Snorri Elefsen

Aðstoðarsveitarforingjar haust 2018

Laufey Erla Pétursdóttir
 Guðbjörg Halldórsdóttir
 Jóhanna María Bjarnadóttir
 Úlfur Kvaran

Fararstjórn á skátamót

Landsmót drekaskáta: Christa Hörpudóttir
Landsmót fálkaskáta : Arnar Breki Eyjólfsson
Landsmót dróttaskáta: Huldar Hlynsson

Sumarnámskeið

Umsjón sumarnámskeiða Vífils

Chantal Ösp van Erven

Starfsmenn úr bæjarvinnu:

Arndís Björk Arnarsdóttir
 Arndís Halla Laxdal
 Ástrós Guðjónsdóttir
 Borg Dóra Benediktsdóttir
 Bubbi Steinarsson
 Fjóla Ósk Guðmannsdóttir
 Guðbjörg Halldórsdóttir
 Hildur Björg Jónsdóttir
 María Björg Fjöl意思dóttir
 Renata Birna Einarsdóttir
 Róbert Orri Stefánsson
 Sóley Björk Þorsteinsdóttir
 Vala Kolbrún Sverrisdóttir

Starfsmenn úr vinnuskóla:

Arnar Bragi Bragason
 Askur Hrafn Hannesson
 Daníel Steinn Davíðsson
 Egill Askur Eineborg
 Friðrik Öder Ólason
 Hilmar Jökull Arnarsson
 Jón Ásgeir Eyjólfsson
 Kristín Lind
 Oddrún Arna Einarsdóttir
 Sigurgeir Daði Eypórsson
 Tjörvi Gíslason

2. Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG

2.1. Samningur um skátastarf í Garðabæ

Samningur við Garðabæ rennur út í árslok 2018. Í samningnum er kveðið á um hlutverk félagsins, ramma um starfið, menntun og fræðslu til leiðbeinenda auk þess að félagið uppfylli gæðaviðmið BÍS. Sérstaklega er getið þeirra föstu verkefna sem félagið sér um fyrir bæinn s.s. dagskrár á sumardaginn fyrsta, sumarnámskeiða og samkvæmt þessum samningi, hátíðahöldin á 17. júní hvert ár. Árlegur styrkur til félagsins er 14.400.000. Í samningnum er nú komið nýtt ákvæði er lýtur að þjálfun foringja. Auk þess fær félagið, ásamt HSG, styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda.

2.2. Skátafélag á réttri leið

Árið 2015 tók Vífill á móti gæðaviðurkenningunni *Á réttri leið* í þriðja sinn. Félagið fékk viðurkenninguna fyrst allra skátafélaga árið 2006. Aftur árin 2011 og 2015. Gæðahandbókin gildir í tvö ár og er endurnýjuð reglulega og á að endurspegla vinnuferla og skipulag starfsins hverju sinni. Lögð var inn umsókn um endurnýjun snemma árs 2018 og standa vonir til þess að hún verði samþykkt. Til að hljóta viðurkenninguna þurfa skátafélög að uppfylla tilteknar gæðakröfur sem ná m.a. til skipulags og starfs félagsins, fjármála, fræðslumála og fleiri þátta. Gæðahandbókin er aðgengileg á vef félagsins: <http://vifill.is/gaedahandbok-vifils-2018/>

2.3. Samstarf við HSG

Á aðalfundi félagsins í febrúar 2018 var undirritaður nýr samningur á milli Vífils og Hjálparveitar skáta í Garðabæ. Eldri samningur var frá árinu 2014. Helstu atriði samningsins eru að HSG leggi til tækjakost, ábyrgðaraðila sem sér um að halda utan um og setja saman

dagskrá, mannskap í ferðir tengdar útivist og björgun, þekkingu og reynslu frá björgunarsveitarfólki og að yngri sveitir geti sett sig í samband við tengilið og óskað eftir kennslu í útivist og björgun.

Vífill leggur til tækjabúnað, aðgengi og afnot af samkomusal, ábyrgðaraðili sem er tengiliður við HSG varðandi þessi efni og sér til þess að foringi eða skáti eldri en 18 ára á vegum Vífils sé viðstaddur alla sameiginlega dagskrárliði, skýrar reglur um vinnu með börnum, afnot af Vífilsbúð eða öðrum skátaskála í eigu Vífils

Ávinningur af þessu samstarfi er meðal annars hærra hlutfall skáta kynnist björgunarsveitarstarfi, fjölbreyttara skátastarf, fjárfesting í framtíðinni, betri ímynd og að saman byggjum við upp sjálfstæða, ábyrga og virka einstaklinga í samfélaginu.

Húsið Jötunheimar við Bæjarbraut hýsir bæði skátafélagið Vífil og Hjálparveit skáta í Garðabæ (HSG) og hefur sambúð þeirra verið farsæl og samstarfið gott í gegnum árin.

Samstarf félaganna felst m.a. í afnotum af húsnæði og búnaði, HSG fær t.d. salinn lánaðan endurgjaldslaust fyrir fundi. HSG hefur einnig afnot af sal og húsnæði Vífils yfir jóla og áramót vegna flugeldasölu. Öryggis vegna eru önnur afnot ekki leyfð á meðan á henni stendur.

3. Skátastarf

Skátafélagið Vífill er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og starfar skv. meginmarkmiði skátahreyfingarinnar að því að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Rúm 100 ár eru síðan skátastarf hófst í heiminum og nú eru um 30 milljónir skáta starfandi innan vébanda skátahreyfingarinnar í meira en 200 þjóðríkjum. Skátar á Íslandi munu vera tæplega 3000.

Félagsgjald er 35.000. Boðið er upp á systkinaflátt. Innifalið í félagsgjaldinu er allur kostnaður við fundi og styttri ferðir. Niðurgreiðsla er á útilegum og allir fá skátaklúta og merki. Skátabúning þurfa skátarnir sjálfir að útvega og eru þau yngri í bolum og peysum. Dróttskátar og eldri eru í skyrtum sem þeir kaupa sjálfir í skátabúðinni hjá BÍS.

3.2. Fjöldi skáta

Í árslok 2018 voru 53 starfandi skátar á aldrinum 7 til 25 ára í Vífli. Það er fækkun frá fyrra ári um 15 skáta. Fjöldatölur skáta eru fjöldi skátaskírteina sem gefin voru út vegna starfsársins 2017-2018. Alls voru gefin út 73 skírteini til félagsmanna Vífils og voru 41 þeirra vegna skáta á grunnskólaaldri eða frá 7-15 ára aldri og 12 vegna skáta á aldrinum 16-25 ára. Í eftirfarandi töflu má sjá fjöldatölur allt frá árinu 2010, annars vegar skáta á skátaaldrinum 7 – 25 ára og svo heildartölu að viðbættum skátum 26 ára og eldri. Því miður þá eru ekki nærri því allir skráðir sem starfa með félaginu og á það helst við um elstu aldurshópana.

Fjöldi skáta í Vífli frá árinu 2010-2018

Árið	7 – 25 ára	Alls í félaginu
2018	53	73
2017	68	86
2016	61	92
2015	95	149
2014	115	141
2013	84	113
2012	75	98
2011	110	142
2010	99	123

Fjöldi í hverri sveit

Skátasveit	Aldurshópur	Fjöldi 2018	Fjöldi 2017
Drekaskátar	7-9 ára	10	15
Fálkaskátar	10-12 ára	17	10
Dróttaskátar	13-15 ára	14	22
Rekkaskátar	16-18 ára	3	6
Róverskátar	19-25 ára	9	15
Bakland og foringjar	25 +	20	18

Fjölgun skáta í Vífli er viðvarandi verkefni fyrir félagið. Ekki hefur verið farið markvisst í það að fjölga félögum. Hvert ár er nokkur hópur barna sem kemur og fer og er það áskorun að halda í þann hóp. Sóknarfæri eru þó nokkur, sér í lagi þegar haft er í huga að sumarnámskeið Vífils njóta síaukinna vinsælda. Þá þarf að gæta sérstaklega að skátum 15 ára og eldri, en reynslan hefur sýnt að margir heltast úr lestinni við upphaf framhaldsskóla ef ekki er gætt að því að þeim séu fengin áhugaverð verkefni við hæfi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu skátanna í félaginu.

Foringjar og aðstoðarforingjar Vífils eru 12 og á aldrinum 18-53 ára. Skátafélagið reynir eftir megni að huga vel að foringjum, baklandi og stjórn, sem eru einstaklingar sem taka að sér ýmis konar verkefni í sjálfboðavinnu. Vífill hefur m.a. haft það fyrir sið að bjóða virkum aðilum úr þessum hópi foringja og baklands á nokkra viðburði yfir árið sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf og til þess að hrista hópinn enn betur saman.

3.3. Bakland

Vífill getur státað af sterku baklandi sem samanstendur af eldri skátum, foreldrum og öðrum velunnurum félagsins. Á póstlista baklandsins eru um 70 manns sem eru misvirkir. Segja má að um 20 manna hópur sé alltaf til staðar og sinni stærstu verkefnum með stjórn og foringjum. Baklandið kemur að ýmsum verkefnum og dagskrárliðum félagsins svo sem félagsútilegu, hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta og 17. júní, skátamótum, umsjón og viðhaldi á húseignum auk ýmissa tilfallandi verkefna. Reglulega eru haldnir svokallaðir TTH fundir (Tiltektarhátíðir), þar sem húsnefnd, bakland og stjórn hittist til að vinna að ýmsum endurbótum og viðhaldi á félagsheimili og skála Vífils. Umsjón og tengsl við baklandið eru í höndum stjórnar.

Virkustu baklandsliðunum er boðið í jólakvöldverð. Nánar er fjallað um verkefni baklandsins í skýrslu húsnefndar í kafla 5.1. á bls. 23.

3.4. Húsnæði og búnaður

Skátafélagið Vífill hefur aðstöðu í eigin húsnæði, Jötunheimum, að Bæjarbraut 7. Húsið er tæplega 1.000 fm að stærð og er um helmingur þess í eigu Vífils en hinn helmingurinn er í eigu Hjálparsveitar skáta í Garðabæ.

Útikennslusvæðið eða *Skátagarðurinn* við hlið Jötunheima hefur verið vel nýttur í starfinu. Svæðið býður upp á mikla möguleika til leikja og starfa. Hægt er að kveikja eld, sitja í varðeldalaut, klifra í trjám, fara í ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Miklar vonir eru bundnar við frekari framkvæmdir á svæðinu sem munu auka enn á möguleikana til útilífs. Því miður hefur svæðinu verið fremur lítið sinnt af hálfu garðyrkjudeildar bæjarins síðastliðin sumur og framkvæmdum hefur aldrei verið lokið t.d. tenging vatns. Brýnt er að fara í viðhald og sinna umhirðu vel svo garðurinn fari ekki í órækt.

Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima, og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk. Skálinn stendur í nágrenni golfvallar Oddfellowa og hefur sú sambúð gengið vel á undanförunum árum. Skálinn hefur því miður ekki verið mikið nýttur enda er ekki rennandi vatn þar né vatnssalerni. Ný skálabygging við Grunnuvötn er á teikniborðinu og loks farið að hilla undir framkvæmdir. Bæjarsjóður hefur tryggt fjármagn næstu þrjú árin.



Skátaskálinn Vífilsbúð

Í Jötunheimum fer fram önnur starfsemi en skáta og HSG. Þar funda t.d meðlimir Rotarýklúbbsins *Görðum* og *Aglow*. Þá hafa Radióskátar aðsetur í húsinu. Þar er einnig vel búinn veislusalur sem hentar vel til hvers kyns funda- og veisluhalda. Salurinn er fullbúinn með borðum og stólum fyrir allt að 100 manns og borðbúnaði fyrir um 100 manns. Hann er og útbúinn hljóðkerfi, skjávarpa og tölvu. Hægt er að leigja salinn jafnt að degi til og á kvöldin en um helgar verður veislum að vera lokið á miðnætti. Í árslok voru keyptir nýir stólar í salinn sem var löngu orðið tímabært. Öll aðstaða er því hin besta og húsið í ágætu standi. Viðhald og tiltekt eru eilífðarverkefni og nýtur félagið þar stuðnings baklands sem leggur til sjálfböðavinnu. Bátar í eigu félagsins voru endurnýjaðir á liðnu ári eftir að hafa þjónað skátunum frá árinu 1991.

3.5. Dagbók Vífils 2018

JANÚAR

Félagsráðsfundur

Félagsráð hélt vinnufund 7. janúar. Þar skipulögðu foringjar starfið til vors. Einnig hélt stjórninn sinn fyrsta fund á nýju ári.



Gilwell

Í janúarlök luku fjórir skátar Gilwell þjálfun og útskrifuðust með brúna klútinn. Arnar Breki Eyjólfsson, Jón Svan Sverrisson, Sigurgeir Sigurðsson og Ágúst Þorsteinsson.



FEBRÚAR

Aðalfundur

Aðalfundur Vífils var haldinn þann 28. febrúar. Fundarstjóri var Atli Bachmann og fundarritari Þuríður E. Baldvinsdóttir. Engar breytingar urðu á stjórn og var Guðbjörg Þórðardóttir gjaldkeri endurkjörin. Sveitarforingjar fluttu skýrslur sveita auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.

MARS

Drekaskátadagurinn

Sunnudaginn 4. mars var Drekaskátadagurinn haldinn í Mosfellsbæ. Dagskráin var utandyra og gengu drekaskátar úr Vífli stóran hring með foringjum sínum kringum Álafoskvosina og leystu þrautir. Dagurinn er árlegur viðburður á vegum BÍS.

APRÍL

Skátaping 2018

Skátaping fór að þessu sinni fram dagana 6. og 7. apríl í Reykjavík og var haldið í Menntaskólanum við Hamrahlíð í umsjá Landnema. Vífill fjölmennti á skátaping. Félagið hefur fjögur atkvæði á þinginu og er eitt bundið við félagsforingja. Á þinginu var tekist á um ýmis málefni og fjölbreyttar umræður og kynningar fóru þar fram. Skátar úr Vífli buðu sig fram til trúnaðarstarfa fyrir bandalagið.



Sumardagurinn fyrsti

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta í Garðabæ líkt og verið hefur í áratugi. Þetta árið bar daginn upp á 19. apríl. Skátarnir tóku virkan þátt í guðspjónustu dagsins. Ræðumaður var Jóhanna María Bjarnadóttir. Veitt voru áramerki eða starfsmerki skátahreyfingarinnar þeim skátum sem starfað hafa í 5, 10, 15 og 25 ár. 5 ára merki fengu fjórir skátar og 10 ára merki fengu tveir skátar.

Að messu lokinni fór skruðganga frá Vídalínskirkju að Hofstaðaskóla þar sem fólk gat tekið þátt í skemmtilegri dagskrá og keypt sér veitingar á kaffihlaðborði Vífils.

Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar fór fyrir göngunni og lék nokkur sumarlög í upphafi dagskrár. Veltibílinn vinsæli var á staðnum. Jói Pjé og Króli fluttu svo nokkur lög á sviðinu. Umsjónarmenn dagskrár voru Dögg Gísladóttir og Thelma Rún van Erven. Dagurinn gekk mjög vel í alla staði þökk sé frábærum skátum sem gerðu daginn eftirminnilegan fyrir bæjarbúa. Að lokinni dagskrá hjálpuðust skátar að við frágang og í kjölfarið var slegið upp grillveislu þar sem boðið var upp á Binnaborgara.



Hreinsunarvika Vífils

Hreinsunarvika Vífils fór fram í vikunni 24. - 30. apríl. Þátttakan er eitt af skylduverkefnum hverrar sveitar og var foreldrum boðið að koma með. Hver sveit fékk úthlutað svæði í kringum skátaheimilið og týndu skátarnir upp rusl á þeim svæðum. Að hreinsun lokinni voru grillaðar pylsur fyrir alla.



Maí

TTH Kvöld

Þriðjudaginn 29. maí hittust baklandsliðar í TTH kvöld. Farið var yfir tjöld og búnað fyrir skátamót sumarsins.

Kynnisferð baklandsins

Hluti stjórnar og baklands lagði land undir fót og heimsótti Larch Hill fyrir utan Dublin á Írlandi og kynnti sér aðstæður þar. Markmið ferðarinnar var að efla hópinn og undirbúa nýja útilífsmiðstöð við Grunnuvötn. Írska skátabúðin var einnig heimsótt.

Foringjafjör

Foringjafjör var haldið 31 maí. Stór hópur foringja og baklandsliða fór í vettvangsferð út á Reykjanes. Leiðsögumaður var Gísli Örn Bragason. Byrjað var á stuttu stoppi og hressingu í Maríuhellum í Heiðmörk. Síðan var ekið að flekaskilum Evrópu og Bandaríkjanna.

Því næst að Reykjanesvita og farið í fjöruna þar. Gunnhver skoðaður og loks var snæddur kvöldverður á veitingastað á Ásbrú eða gamla Keflavíkurvelliinum. Ferðin var mjög fróðleg og skemmtileg.



JÚNÍ

Drekaskátamót

Aðra helgina í júní, eða 9.–10. júní, var haldið drekaskátamót á Úlfliótsvatni. Áhugasamir drekaskátar úr Vífli mættu á mótið ásamt foringjum undir stjórn Christu Hörpudóttur. Gist var eina nótt í tjaldi og tekist á við spennandi verkefni á laugardegnum. Drekaskátarnir voru alsælir með mótið og komu þreyttir heim á sunnudeginum.



Sumarnámskeið

Sumarnámskeið Vífils hófu göngu sína 12. júní en starfsmenn mættu til undirbúningsvinnu viku fyrir og hófst undirbúningurinn á tiltekt í húsinu, farið var yfir búnað og pantað inn það sem þurfti. Sumarstarfsmenn sóttu námskeið á vegum BÍ.S. Nánar er fjallað um sumarnámskeiðin í kafla 6 á bls. 27.



17. júní

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á 17. júní í Garðabæ líkt og mörg undanfarin ár. Verkefnið er sérstakur liður í samstarfssamningi við Garðabæ. Markmið skátanna var að venju að standa fyrir glæsilegri dagskrá, efla starfið inn á við og kynna á jákvæðan hátt stjórnun og starf félagsins gagnvart bæjarbúum og bæjaryfirvöldum. Thelma Rún van Erven hafði yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd hátíðahaldanna og á mikið lof skilið fyrir sinn þátt.

Um morguninn var haldið *Júnímót* golfklúbbs Álftaness. Frítt var í sundlaugina á Álftanesi, í Hönnunarsafn Íslands og í veiði í Vífilsstaðavatni allan daginn. Um morguninn var formleg setning hátíðarhaldanna og barnadagskrá á Álftanesi í samstarfi við skátafélagið Svani. Þar kíkta Ronja Ræningjadóttir í heimsókn og söng nokkur lög. Seinna um daginn var skemmtidagskrá á Garðatorgi þar sem Ronja Ræningjadóttir, Ari Ólafsson Eurovisionfari, Úlfur Úlfur og hljómsveitin Karma Brigade stigu á svið. Kynnir á sviði var Ásthildur Úa Sigurðardóttir en hátíðarhöldin tókust afar vel. Þátttaka var mjög góð en veðrið setti þó strik í reikninginn því það hellirignði. Hátíðarhöldin voru að þessu sinni á Garðatorgi sem búið var að þekja með grasteppi og var mikil ánægja með staðsetninguna og vilji til þess að svo verði áfram.



Viðeyjarmót Dróttskáta

Landsmót Dróttskáta fór fram í Viðey dagana 20.-24 júní. Dróttskátar úr Víflar tóku þátt í mótinu, tveir foringjar Huldar og Halldór Fannar Sveinsson og einn dróttskáti. Farið var í dagskrá með öðrum skátum úr Stíganda, meðal annars í göngur um eyjuna. Á bryggjuballinu var mikið stuð þó það væri fámennt. Mótið var ágætt þó skipulagning á því hefði mátt vera betri.



JÚLÍ

Fálkaskátamót

Landsmót Fálkaskáta fór fram á Laugum í Sælingsdal 5.-8. júlí. Fálkaskátar fóru frá Vífli. Víflar og Fossbúar voru saman í tjaldbúðum og gekk sú samvera vel. Víflarnir fóru svo í dagskrá með Klakki svo skátarnir kynntust mikið af krökkum úr öðrum félögum. Mótið gekk vel og fóru skátarnir sáttir heim.



TTH

Haldið var TTH kvöld fimmtudaginn 5. júlí. Mokað var niður fyrir fánastangarstöplum, tekið til í skúrnum eftir 17. júní og stólamálin löguð á neðri hæðinni.

Run to the fun í Devon

Nokkrir skátar fóru á Run to the fun í Devon í Bretlandi. Samferða voru skátar úr Borgarnesi og úr Fossbúum. Hópurinn heimsótti einnig Brownsea Island og Gilwell Park. Er það í annað sinn sem þetta mót er sótt af skátum úr Vífli og Fossbúum. Skátar í Devon hafa myndað sterkt vinasamband við hóp í Vífli.

SEPTEMBER

Vinnukvöld foringjaráðs

Foringjaráð hittist enn á ný og skipulagði hauststarfið og hélt vinnufund 2. september frá kl. 13.00 - 18.00. Á sama tíma tók Baklandið til hendinni innan- og utandyra og fegraði umhverfið eins og hægt væri. Í lokin var vöfflukaffi.

Fjölskyldudagur Vífils

Vífill hélt fjölskyldudag 9. september. Sent var út boð á fyrrum skáta og foreldra og einnig var öllum sem voru á sumarnámskeiðunum í sumar boðið að koma og kynna sér skátastarfið. Boðið var uppá klifurvegg, útieldun og kaffi og kleinur.



Skátafundir

Skátafundir hófust í vikunni 11.–15. september. Ekki var farið í miklar auglýsingar en frétt um að starfið væri að byrja á ný var sett bæði á vefsíðu og facebooksíðu félagsins. Framvegis verður að auglýsa í bæjarblaðinu.



Hautfundur Stjórnar BÍS og skátafélaga

BÍS bauð til spjallfunda með skátafélögum á ákveðnum svæðum. 27. september funduðu félögin í Kraganum í skátaheimili Garðbúa. Fundarefni var “Aðgerðaráætlun til að eflaskátastarfið”. Víflar fjölmenntu á fundinn sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur.

OKTÓBER

TTH kvöld

Baklandsliðar hittust 1. október og máluðu andyrið og neðri hæðina.

Vettvangsferðir á framtíðarskálasvæði Vífils

Farið var í tvær vettvangsferðir upp að Grunnvötnum, framtíðarskálasvæði Vífils 2. og 8. október.



Prjónakvöld

Fyrsta prjónakvöld vetrarins var haldið þriðjudaginn 9. október.



Félagsútilega Vífils

Félagsútilega var haldinn 20.-22. október og að þessu sinni í Skátaskálanum í Skorradal. Á föstudagskvöldinu fóru allir saman út í kvöldleik. Á laugardeginum var hver sveit með eigin dagskrá sem fór öll fram utandyra. Áætluð var sigling á kanóum útá Skorradalsvatn en hætt var við það vegna veðurs. Allir tóku þátt í skemmtilegri kvöldvöku og loks í næturleik. Á sunnudeginum var frágangur, sveitirnar fóru út í sunnudagsleik og fengu sér pylsur í hádegismat og hoppuðu svo upp í rútu á leið heim. Útilegan gekk vel fyrir sig og fóru allir heim sælir og þreyttir og frekar blautir vegna votviðris á sunnudeginum.



DESEMBER

100 ára fullveldisafmæli

Nokkrir skátar hittust 1. desember í tilefni 100 ára fullveldisafmæli Íslands og flögguðu við Jötunheima.



Jólakvöldverður

Árlegt jólaboð Vífils var haldið fimmtudaginn 11. desember þar sem m.a. heiðursfélögum, foringjum, virkum baklandslíðum, mökum og öðrum góðum gestum t.d. embættismönnum hjá Garðabæ, var boðið til veislu. Björn Hilmarsson flutti sinn rómaða annál og skemmti gestum. Örn Arnason, Guðmundur Pálsson og Örvar Aðalsteinsson sungu og stjórnðu fjöldasöng. Menn tóku hraustlega til matar síns og yfirgáfu samkvæmið í jólaskapi. Úlfur Kvaran og Inga Lilja Þorsteinsdóttir fengu afhenta Silfursmárann og liljuna en þau voru fjarverandi á sumardaginn fyrsta. Thelma Rún van Erven fékk silfurmerki Vífils fyrir vel unnin störf að undirbúningi 17. júní undanfarin ár og hefur hún boðið sig fram sem næsti félagsforingi Vífils.

4. Skýrslur skátasveita

Starfið í skátasveitunum er mjög fjölbreytt og byggist á vikulegum fundum sveita og flokka. Skátastarfinu er skipt í aldurstig sem miðast við 7 – 25 ára aldurinn. Sveitarforingjar eru 18 ára eða eldri og aðstoðarforingjar 16 ára og eldri. Hverri sveit er síðan skipt í flokka og er flokksforingi settur yfir hvern flokk. Allar sveitir eru kynjablandaðar og vinna strákar og stelpur saman.

Fundartími skátasveita er sá sami á milli ára til að gera foreldrum og skátum auðveldara um vik við skipulagningu tólmstundastarfs. Fastir fundartímar eru:

Drekaskátar 7-9 ára	þriðjudagar kl. 17:00
Fálkaskátar 10-12 ára	miðvikudagar kl. 17:00
Dróttaskátar 13-15 ára	mánudagar kl. 20:00
Rekkaskátar 16-18 ára	f. áramót, fimmtudagar kl. 20:00
Róverskátar 19-25 ára	eftir samkomulagi

4.2. Drekaskátar 7-9 ára. Furðufuglar

Vorönn

Sveitarforingjar: Christa Hörpudóttir og Halldóra Aðalheiður.

Aðstoðarsveitaforingjar: Jóhanna María Bjarnadóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir

Um það bil 15 starfandi skátar.

Starfið gekk vel á vorönn. Christa sveitarforingi fór í fæðingarorlof og kom Hrafnhildur hinum foringjunum til aðstoðar. Á dagskrá voru ýmsar skátaíþróttir s.s. hnútafundur, tálgun, útileikir, tjaldæfing, útieldun, þrautir og tilraunir, ruslatínsla, logsuðufundur með Atla radíóskáta, kassaklifur og fleira skemmtilegt.

Haldinn var skyndihjálparfundur og þá fengu krakkarnir að prófa að hringja í neyðarlínuna og láta eins og eitthvað hafi komið fyrir og þau vantaði hjálp. Áður var fengið leyfi hjá neyðarlínunni sem tók vel í erindið og sinnti því af alúð.

Farið var í dagsferð með foreldrum. Fræðasetur skáta var heimsótt þar sem skátarnir fengu frábæra leiðsögn og sagðar voru skemmtilegar sögur. Farið var yfir í Ljósafossvirkjun og sýningin *Orka náttúrunnar* skoðuð. Nesti var að sjálfsögðu með í för og loks var farið í sund á Selfossi.

Á Drekskátadaginn mættu þrjár stelpur ásamt Halldóru foringja. Þær tóku þátt í dagskrá með skátum úr Segli og stóðu sig afar vel og fannst gaman. Starfsárinu lauk svo á Drekskátamóti á Úlfjótsvatni. Þar mættu allir drekarnir í sveitinni ásamt foringjum og áttu saman góða daga í alls konar fjöri í rigningu og smá sól.

Haustönn

Sveitarforingjar: Christa Hörpudóttir

Aðstoðarsveitarforingjar: Jóhanna María Bjarnadóttir, Guðbjörg Halldórsdóttir og Eiríkur Egill Gíslason sem sá um stuðning við skáta.

Um það bil níu skátar voru virkir. Farið var í eina dagsferð og innilegu í Vífilsbúð sem gekk vel. Í byrjun annar var haldið Drekaþing þar sem fjallað var um skátastarfið og grunngildi þess. Einnig var skátaheitið kennt og skátalögin kynnt. Unnið var með færnimerkin, að leysa og að flokka. Næst var unnið með merkið að hnýta og geyma þau hnútana sína í sérstakri hnútakrukku. Skátarnir smíðuðu sæti úr kössum og notuðu á bífundi. Horft var á The Jungle book og borðað popp. Í desember var svo kózýfundur, skreyttar piparkökur og hitað kakó.

Sveitarforingjar

4.3. Fálkaskátar 10-12 ára

Vor 2018

Sveitarforingi: Arnar Breki Eyjólfsson.

Aðstoðarsveitarforingjar: Laufey Erla Pétursdóttir og Úlfur Kvaran

Átta skátar mæta reglulega og tveir skátar mæta öðru hvoru.

Unnið var með eftirfarandi þemu: dýraþema, föndurþema, fantasy þema og útverui þema. Skátarnir völdu hvaða verkefni þeir unnu á fundunum úr dagskrárhring og fylltu foringjarnir upp í eyður sem sköpuðust. Leikir voru oft á dagskrá og einnig fræðsla tengd þemunum. Flokkakerfið var endurvakið og skátunum skipt upp í flokka. Það gekk illa og var endað á því að sameina hópinn í einn flokk eða sveit.

Farið var í skálalegu í Hverahlíð og gekk sá viðburður vel. Fálkarnir skipulögðu hana sjálfir og skiptu með sér eldamennskunni. Í júlí var svo varið á landsmót fálkaskáta. Fáir fálkar tóku þátt en þeir sem fóru skemmtu sér vel.

Haust 2018

Sveitarforingi: Arnar Breki Eyjólfsson.

Aðstoðarsveitarforingjar: Laufey Erla Pétursdóttir og Úlfur Kvaran

15 virkir skátar.

Starfið hófst á skipulagningu annarinnar. Þemun sem ákveðið var að vinna með voru: heimurinn og listirnar. Fálkunum var skipt í tvo flokka og þeir heita Jötnar og Kentárar. Ekki var farið í sveitarútilegu en fjölmennt í félagsútileguna. Þar skemmtu þeir sér konunglega. Á síðasta fundinum fóru skátarnir í skautiferð á Ingólfstorgi og skautuðu þar marga hringi og fengu sér kakó.

Sveitarforingjar

4.4. Dróttskátar 13-15 ára – DS. Fenris

Haust 2018

Sveitarforingjar: Halldór Fannar Sveinsson, Huldar Hlynsson og Urður Björg Gísladóttir

Haustönn

Dagskránni var skipt í dagskrárhringi. Hver mánuður var einn dagskrárhringur sem var með sitt þema. Í byrjun hvers mánaðar var sveitarfundur þar sem foringjar sáu um skipulagða dagskrá og svo voru hinir fundirnir flokksfundir þar sem skátarnir sáu um eigin dagskrá. Sveitarfundir voru settir á mismunandi hátt og þeim alltaf slitið með bræðralagssöngnum.

Þrír flokkar voru starfandi og sá einn foringi um hvern flokk. Skipt var í flokka eftir áhugamálum og gekk það ágætlega. Skátarnir skiptu með sér verkum innan flokksins.

Sveitarfundum var skipt upp þannig að skátarnir fengu að fara á milli nokkurra pósta og gera stutt verkefni í tengslum við þemað. T.d. í björgunarþemanu þá fóru þeir á þrjá pósta þar sem þeir lærðu rötun með áttavita og að lesa á kort. Þeir fengu að kynna björgunarsveitarstarfi landsins, hvernig það er uppbyggt og hvernig björgunarsveitum er skipt í deildir. Í lok fundar far farið í leiki og loks skipulögðu skátarnir flokksfundina.

Farið var í sveitarútilegu í Bæli uppi á Hellisheiði. Þar var gengið yfir í Reykjadal. Í kvöldmatinn var hveraeldað kjöt sem hafði verið grafið nálægt hver fyrr um daginn. Máltíðin sló rækilega í gegn hjá skátunum.

Á síðasta fundinum var farið að Hvaleyrarvatni og siglt á kanó og grillaðir hamborgarar.

Vor 2018

Sveitarforingjar; Halldór Fannar Sveinsson, Huldar Hlynsson og Snorri Elefsen

Skipulaginu var breytt á haustönn og voru skátarnir látnir sjá sjálfir um skipulagið. Fyrsta mánudag í mánuði voru sveitarfundir og hinir fundirnir voru flokksfundir. Skátarnir ætluðu að vinna um það bil þrjú verkefni yfir önnina, sem þeir skipulögðu sjálfir. Þeir nýttu færnimerkin til að finna sér góð verkefni. Sveitarfundir eru jafnan settir með bálbæn, og þeim slitið á að syngja bræðralagssönginn.

Á þessari önn voru þrír flokkar starfandi. Helgarður, Auðhumla og Æsir. Í Helgarði eru allir yngstu meðlimir sveitarinnar og í hinum flokkunum eru þeir eldri.

Farið var í sameiginlega sveitarútilegu í Vífilsbúð með skátafélaginu Hamri. Í útilegunni var víkingaþema og gerðu allir skikkjur. Kvöldleikurinn gekk út á þrautir Þórs þegar hann fór til Útgarða-Loka. Að sjálfsgöðu var kvöldvaka, kvöldkaffi, morgunleikfimi og skálaskoðun á morgnana.

Þegar önninni var að ljúka var farið í dagsferð í miðbæ Reykjavíkur með skátafélaginu Haförnum. Farið var á skauta á Ingólfstorgi sem var mjög skemmtilegt. Fáir voru á svellinu svo nægt pláss var til að skauta. Bakaríð var heimsótt, keyptir snúðar og kakó handa öllum. Loks var haldið í menningarlegt bæjarrölt og endað á að leika sér í Hljómskálagarðinum áður strætó var tekinn heim.

Sveitarforingjar



4.5. Rekkaskátasveitin Islandus 16-19 ára

Vor- og haustönn 2018

Sveitarforingi Atli B. Bachmann. Aðstoðarsveitaforingi: Kristín Ósk Sævarsdóttir.

Þrjú til fjórir rekkaskátar hafa verið virkir í starfinu. Einnig hafa nokkrir róverskátar mætt á fundi

Ekki hefur verið mikið starf í sveitinni í vetur, annað en fundir, meiri hluti skáta í sveitinni eru foringjar og stunda megnið að sínu starfi þar. Unnið hefur verið að Forsetamerki, spilað og spjallað ásamt öðrum skemmtunum.

4.5. Róverskátar 19-25 ára

Róverskátasveitin hefur ekki verið starfandi á árinu.

5. Skýrslur fastanefnda

5.2. Húsnefnd

Starfsárið 2018 voru eftirtaldir í húsnefnd Vífils:

Jóhann S. Erlendsson.

Brynjar H. Bjarnason


Björn Hilmarsson

Líkt og fyrri ár komu margir aðilar nefndinni til aðstoðar og eru þessir sérstaklega nefndir: Atli, Trausti, Jóhann Baldur, Hervald, Hafdís, Unnur, Vala, Gísli og margir fleiri úr stjórn og Baklandi Vífils.

Það ómetanlegt að hafa allar þessar hjálparhendur og er þeim ásamt fjölmörgum öðrum þakkað fyrir allar þær mörgu klukkustundir sem fóru í ýmis verkefni við eignir Vífils.

Janúar - mars: TTH í Jötunheimum

Grillið lagað, tiltekt í skúrnum o.fl.



Apríl - maí: Nýir kanóar settir í hús og gömlum fargað

Loks komu nýju kanóarnir. Gömlu var hent og nýju raðað á kerruna.



Í beinu framhaldi var bílaplanið hreinsað og ísbúðin heimsótt.



Júlí - ágúst: TTH í Vífilsbúð Eftirlitsferð í Vífilsbúð




Flaggstangir settar upp við Jötunheima

Flaggstangir voru settar upp á ný og var það lokahnykkurinn við lyftubygginguna. Það tók nú nokkra fundi að koma báðum stöngum niður. Í leiðinni voru hreinsuð öll niðurföll í bílplaninu.





September - október: Tiltekt í skúr, farið yfir útilegubúnað og tekið til enn á ný.

Binni mætti með græjur og pússuð voru borð og bekkir og málaðir með „létt-Vífils-grænu“



Október: Málað niðri, inni í félagsheimili og víðar...



Desember - Nýir stólar í salinn

Eftir margar skoðunarferðir var ákveðið að viðskipti við Patta og kaupa nýja stóla í salinn. Fyrst þurfti auðvitað að skipta út 480 töppum undir þeim. Margar hendur komu þar við sögu.



5.3. Skálanefnd Vífils

Húsnefnd Vífils hélt utan um verkefni skálanefndar. Á árinu 2018 komst loks hreyfing á undirbúningsvinnu vegna skálans sem stendur til að byggja við Grunnuvötn. Á árinu 2018 var farið í nokkrar ferðir á skálastað og farið með starfsmönnum bæjarins sem og hinum ýmsu sérfræðingum.

Sigurður Hallgrímsson tók að sér að teikna húsið og nú liggja fyrir teikningar.

Hjörtur Hansson er yfirverkfræðingur og Jónatan Svavarsson fyrrv. félagsforingi er kominn inn í undirbúningshópinn og verður ráðgjafi og tæknistjóri.

Nýi skálinn verður hinn glæsilegasti



Húsnefnd og Skálanefnd þakka öllum þeim fjöldamörgum sem komið hafa að starfinu.

6. Sumarstarf Vífils

Sumarnámskeiðin gengu afar vel þetta sumar og var þátttaka góð. Á sum námskeiðin komust færri að en vildu. Fjölbreytt dagskrá var í boði og mikið ferðast um á hjóli eða með strætisvagni. Mikil ánægja var meðal foreldra og barna og njóta námskeiðin trausts og virðingar.

Skiptingu barna á námskeiðin má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Tegund námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Ævintýranámskeið	7	178
Smíðanámskeið	6	174
Grallaranámskeið	1	5
Alls	14	357

Fjöldi námskeiða og þátttakenda

Ártal	Vikur alls	Fjöldi barna
2018	7	357
2017	8	331
2016	7	347
2015	8	384
2014	8	446
2013	8	388
2012	8	411
2011	8	507
2010	7	441
2009	9	276
2008	8	374
2007	10	469
2006	9	466

Chantal Ösp van Erven var umsjónarmaður sumarnámskeiðanna.

Umsjónin með sumarnámskeiðum er fjölbreytt og krefjandi starf sem felur m.a. í sér starfsmannastjórnun, foreldrasamskipti, rekstur, söfnun aðfanga, skipulagningu og síðast en ekki síst umsjón með afar fjölbreyttum barnahópi. Alls voru 22 starfsmenn og þar af þrettán eldri en 16 ára úr sumarátaki Garðabæjar. Níu starfsmenn komu úr vinnuskólanum og voru þau 14 og 15 ára. Þetta eru talsvert færri starfsmenn en Vífill hefur fengið undanfarin ár en þeim tókst samt sem áður að sjá um stórskemmtileg námskeið. Vel tókst til við að sinna börnum sem þurftu aukastuðning auk þess sem félagsþjónustan útvegaði sérstakan stuðning við þau börn sem þess þurftu.

Starfsmenn sóttu námskeið í byrjun júní. Það voru skyndihjálparnámskeið og leikjanámskeið á vegum BÍS, *Verndum þau* á vegum *Barnaverndarstofu* og nokkrir sóttu sérstakt sundvarðanámskeið á vegum íþróttafulltrúa Garðabæjar. Forstöðumenn héldu starfsmannagleði þrisvar sinnum yfir sumarið og jók það á samheldni og ánægju starfsmanna.

Innheimta námskeiðsgjalda gekk mjög vel þetta sumar. Notast var við skráningakerfið *Nóra* til að halda utan um greiðslurnar. Þetta gerði ferlið mjög einfalt þar sem foreldrar verða að velja að borga með korti eða fá sendan greiðsluseðil við skráningu. Þegar börn komast inn á námskeið af biðlista þarf þó að fylgja greiðslu eftir þar sem foreldrar fá enga tilkynningu frá kerfinu um að þeir eigi eftir að borga.

Efnisöflun gekk vel og nýtur félagið velvilja nokkurra kaupmanna sem sjá því fyrir hentugu efni. Í lok sumars skiluðu umsjónarmenn mjög greinargóðri skýrslu sem inniheldur margar ábendingar um það sem gekk vel og hvað gera má betur. Hún mun nýtast vel við undirbúning næsta sumars.

Garðabæ 21. febrúar 2019

Með skátakveðju frá stjórn Vífils

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Thelma Rún Van Erven
félagsforingjar

